

Nd.

25. Frumvarp til laga

[25. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Palmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

5. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 40% af hámarksbótum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er að tvöfalda svokallaða „vasapeninga“ sem greiddir eru algerlega tekjulausum elli- og örorkulífeyrisþegum sem dvelja á stofnunum.

Í núgildandi lögum segir að þessar greiðslur megi nema „allt að 25% af lágmarksbótum.“ Þetta ákvæði var sett í lög þegar litið munur var á lágmarks- og hámarksbótum, þ. e. áður en tekjutrygging var tekin upp. Nú er þessi munur mikill.

„Vasapeningar“ eru nú (frá 1. sept. 1982) 742.00 kr. á mánuði og sjá allir að lítið er unnt að veita sér fyrir þá upphæð.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að þessa upphæð þurfi að tvöfalda hið minnsta, og er frv. ætlað að veita Tryggingastofnun ríkisins heimild til þess.

Tvöföldun „vasapeninga“ kostar í heild 15.6 millj. kr. á ári (m. v. verðlag sept.—nóv. 1982) og fer sú upphæð hlutfallslega lækkandi á næstu árum. Lögin um eftirlaun til aldraðra og skylduaðild að lífeyrissjóðum valda því, að þeim fækkar óðum sem komast á eftirlaunaldur og alls engar tekjur hafa aðrar en bætur almannatrygginga.

Það er varla vansalaust fyrir þjóðfélagið að huga ekki betur en nú er gert að kjörum þess fólks, sem dvelur langdvölum á stofnunum, — fólks sem í flestum tilvikum hefur lokið langri starfsævi án þess að öðlast neins konar réttindi í lífeyrissjóðum.

Þessu frv. er ætlað að bæta hér nokkuð um.